

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2023****2023/EES/87/13****frá 13. júní 2023****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2365 frá 2. desember 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1801 að því er varðar hvernig vörpunartöflur samsvara lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja fyrir verðbréfun í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 14azd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 2365**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2365 frá 2. desember 2022 (Stjtið. ESB L 312, 5.12. 2022, bls. 101).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/2365, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 312, 5.12.2022, bls. 101.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.